

**3. fundur fjallskilanevndar haldinn í Móbergi, Miðtúni 3, Tálknafirði,
laugardaginn 2. október 2010 og hófst hann kl. 15:00**

Fundinn sátu:

Vignir Arnarson, Lilja Magnúsdóttir, Símon Viggósson, Eyrún Ingibjörg
Sigpórsdóttir (EIS),

Fundargerð ritaði: Eyrún Ingibjörg Sigpórsdóttir , oddviti

Dagskrá:

**1. 1010040 - Fundur með landeigendum skv. samþykkt 2.fundar
fjallskilanevndar.**

Nefndin fór yfir tilhögun fundar með landeigendum.

Landeigendur í Tálknafjarðarhreppi mættu til fundarins kl. 16:00. Mættir
staðfestu með undirritun í fundargerðarbók; Kristinn Marinósson, Freyja
Magnúsdóttir, Magnús Guðmundsson, Hannes Bjarnason, Birna Jónsdóttir,
Hannes Kristjánsson, Pálína Kristín Hermansdóttir, Torfi E. Andrésson.

Oddviti (EIS) bauð fundarmenn velkomna og fór yfir stöðu málaflokksins og
gerði grein fyrir, að efni fundarins væri að ná samráði við landeigendur um
fjallskil. Að því loknu var orðið gefið laust og málefnið rætt, allir fundarmenn
tóku til máls.

Formaður fjallskilanevndar (LM) lagði til að smalað yrði helgina 15. -
17.október. Hafa þarf samráð við þá landeigendur sem ekki mættu til
fundarins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:00

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____